

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Ársskýrsla 2019

Formáli

Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu þá voru merkileg tímamót í sögu skólans vorið 2018 þegar tveir árgangar brautskráðust frá skólanum, þeir fyrstu úr þriggja ára námi til stúdentsprófs og þeir síðustu úr fjögurra ára námi. Skólaárið 2018-2019 var því það fyrsta þar sem eingöngu nemendur í þriggja ára námi stunduðu nám við skólann. Fyrirsjáanlegt var að nemendum myndi fækka verulega þegar 4 ára kerfið liði undir lok og voru því óvenjufáir nemendur í skólanum til loka maímánaðar 2019. Nemendum fjölgaði aftur á haustönn 2019 þegar fleiri nýnemar voru teknir inn.

Í ársskýrslu þessari verður vikið að helstu þáttum í starfi skólans, s.s. rekstri, námsframboði, nemendum, skólaþróunarstarfi, starfsmannahaldi, húsnæði o.fl.

Gildi Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir gildum sem eru í senn grunnstoðir þeirrar menningar sem við viljum að ríki innan skólans og áskorun þegar takast þarf á við ný viðfangsefni framtíðarinnar. Gildin eru sýnileg í öllu starfi skólans og til marks um sýn skólans á skyldur sínar gagnvart umbjóðendum sínum.



Rekstrarform Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir m.a.: „Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem m.a. kemur fram hve marga nemendur skólinn má hafa svo og greiðslur til skólans og annað sem tengist starfsemi hans.

Eins og fyrr segir þá er Verzlunarskólinn sjálfseignarstofnun og eru bakhjarlar hans Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Það eru bakhjarlarnir sem skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.



Fulltrúaráð er skipað eftirfarandi:

- Ásdís Kristjánsdóttir
- Ásta S. Fjeldsted
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Helga Árnadóttir
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- Ingunn Agnes Kro
- Jóhannes Stefánsson
- Margrét Sanders
- Steinn Logi Björnsson

Stjórn og starfslið

Núverandi skólanefnd tók til starfa í maí 2014. Í henni sitja:

- Bryndís Hrafnkelsdóttir formaður


- Helgi Jóhannesson varaformaður
- Andri Þór Guðmundsson
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Sigríður Margrét Oddsdóttir

Ásta Henriksen tók sæti í skólanefnd í janúar 2018, sem áheyrnarfulltrúi starfsmanna.

Stjórnendur skólans

- Ingi Ólafsson skólastjóri
- Þorkell H. Diego yfirkennari
- Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna- og þróunarstjóri
- Klara Hjálmtýsdóttir áfangastjóri
- Sigurlaug Kristmannsdóttir fjarnámsstjóri

Skipurit skólans




Starfsmenn

Á vorönn 2019 voru kennarar 77 talsins í 69 stöðugildum. Kynjaskipting meðal kennara var 53 konur (69%) og 24 karlar (31%).


Fjöldi einstaklinga í deildum og fjöldi stöðugilda á vorönn má sjá í töflunni hér að neðan.

	fjöldi starfsmanna	fjöldi stöðugilda
kennsla	77	69
yfirstjórn	5	5
skrifstofa	5	4
bókasafn	3	3
húsvarsla	2	2
rekstur tölvubúnaðar	2	2
matbúð	5	4,6
námsráðgjöf	3	2,5
dagræsting	3	3
síðdegisræsting	16	
	121	95,1

Eins og áður hefur komið fram þá voru tveir árgangar brautskráðir frá skólanum vorið 2018, þ.e. fyrstu í þriggja ára námi og síðustu í fjögurra ára námi. Það voru því færri nemendur en vanalega í skólanum skólaárið 2018-2019 og þar af leiðandi fækkaði kennurum tímabundið. Haustið 2019 stækkaði nemendahópurinn og í kjölfarið fjölgaði þá aftur kennurum við skólann. Hér að neðan má sjá meðalaldur og aldursdreifingu kennara á vorönn 2019. Meðalaldurinn var þá 48,8 ár.



Hér að neðan má sjá menntun kennara skólans en þessi samantekt er frá vorönn 2019.



Húsnæði

Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m².

Kennslurýmið skiptist þannig:

- 43 kennslustofur
- 3 fyrirlestrasalir
- 3 tölvustofur, hver með 28 tölvum
- 4 tölvuver, hvert með 15 tölvum
- 3 raungreinastofur, ein fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og sú þriðja fyrir eðlisfræði. Lögð er áhersla á að útbúa stofurnar með öllum nauðsynlegum búnaði
- Fab-Lab kennslustofa með þrívíddarprenturum, vínyskera og leiserskera.
- kennslustofa sjónlistagreina
- 3 fjölnotastofur; töflustofa, framtíðarstofa og kyrrðar-/slökunarstofa
- 2 íþróttasalir; þreksalur og stór salur
- bókasafn, sem er 350 m². Safnið er mjög vel búið af bókakosti og annarri aðstöðu til lestrar og gagnaöflunar. Að auki er lessalur með 30 lesbásum.

Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda og starfsmanna á liðnum árum. Áfram verður unnið að því að endurnýja húsgögn og bæta aðstöðu í skólanum í samræmi við fjölbreytilega kennsluhætti og annað þróunarstarf innan skólans.

Bókasafn

Á bókasafni skólans eru þrír starfsmenn, bókasafnsstjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur og bókavörður. Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk Verzlunarskóla Íslands.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafnið veitir nútímalega, fjölþætta og persónulega þjónustu og styður við nám og kennslu við skólann. Þjónusta við notendur felst einkum í faglegri upplýsingaþjónustu, útlánum, leiðbeiningum og kennslu við heimildaleit og heimildaskráningu auk margvíslegrar námsaðstoðar. Notkun safnsins er mikil, sem er verulega ánægjulegt. Á árinu 2019 voru samtals 9.198 tölvuskráð útlán á safninu, 7.770 til nemenda og 1.428 til starfsfólks. Bókasafnsstjóri er Klara Hauksdóttir.



Námsframboð

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Verzlunarskólinn er menntaskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi og er opinn nemendum alls staðar að af landinu. Sérstaða skólans fellst meðal annars í því að hann starfar í bekkjardeildum. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi námsbrauta, sem allar leiða til stúdentsprófs. Hægt er að stunda námið hvort heldur sem er í dagskóla eða fjarnámi.

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum.

alþjóðabraut <ul style="list-style-type: none"> alþjóðasamskipti 	nýsköpunar- og listabraut <ul style="list-style-type: none"> sviðslist/sjónlist 	náttúrufræðibraut <ul style="list-style-type: none"> eðlisfræðilína líffræðilína 	viðskiptabraut <ul style="list-style-type: none"> hagfræðilína viðskiptalína stafræn viðskiptalína
---	--	--	---

Nemendur geta valið um fjórar mismunandi brautir og innan náttúrfræði- og viðskiptabrautar velja nemendur sér línu, eftir því hvaða áherslu þeir kjósa í námi sínu.

Uppbygging allra brauta er eins:

- sameiginlegur kjarni – 97 einingarhér er um að ræða alla þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum.
- brautarkjarni – 60 einingarhér er um að ræða 12 fimm eininga áfanga sem einkenna hverja braut fyrir sig.
- pakkar og val – 50 einingar
 - þessi partur samanstendur af sex áföngum, fimm einingar hver, og fjórum valáföngum. Tveir af valáföngunum eru í bundnu vali og geta nemendur valið tvo af fjórum áföngum til að búa sig enn frekar undir nám tengt brautarvalinu og síðan eru tveir áfangar í frjálsu vali.

Nemendur

Á vorönn 2019 voru 915 nemendur í skólanum og voru flestir á náttúrufræðibraut eða 395. Á viðskiptabraut voru 371, 78 á alþjóðabraut og 71 á nýsköpunar- og listabraut. Við upphaf haustannar 2019 voru 933 nemendur skráðir í skólann. Flestir nemendur voru á náttúrufræðibraut eða 407. Á viðskiptabraut voru 377, 81 á alþjóðabraut og 68 á nýsköpunar- og listabraut. Það er langt síðan svo fáir nemendur hafa verið í skólanum, en það helgast af því að vorið 2018 brautskráðust tveir árgangar. Hins vegar getum við nú tekið inn fleiri nemendur úr grunnskóla og mun nemendum skólans því fjölga fljótt aftur.

Brottfall

Skilgreining á brottfalli úr framhaldsskólum hefur verið nokkuð á reiki og virðast ekki allir leggja sama skilning í hugtakið brottfall. Við lítum svo á að nemandi sem hættir í skólanum og flytur sig yfir í annan framhaldsskóla sé ekki brottfallsnemandi. Miðað við þetta þá er brottfall nánast ekkert í Verzlunarskólanum. Það er nánast óþekkt að nemandi skólans hætti á miðri önn. Það er þó alltaf eitthvað um það að nemendur færa sig í annan skóla í lok annar eða skólaárs, t.d. vegna þessa að foreldrar flytja, námið í Verzlunarskólanum hentar viðkomandi ekki, nemandi utan af landi vill flytja heim aftur o.s.frv.

Skólaþróunarstarf

Skólaþróun er stór þáttur í skólastarfi Verzlunarskólans. Skólinn fór í mikla stefnumótunarvinnu árið 2016 og mótaði sér stefnu til 5 ára. Innleiðing stefnumótunar hefur staðið yfir síðan haustið 2017 og hafa fjölmörg ný verkefni litið dagsins ljós í tengslum við

innleiðinguna. Með fjölbreyttu skólaþróunarstarfi og stuðningi frá stjórnendum skólans hafa verkefnum fjölgað og hér verður gert grein fyrir þeim helstu á árinu 2019.

Stafræn viðskiptalína – fagnám verslunar

Haustið 2018 var ákveðið að Verzlunarskólinn tæki þátt í að þróa tvenns konar námleiðir í samstarfi við atvinnulífið.

Fyrri námsleiðin er þróunarstarf með Samtökum verslunar og þjónustu. Markmiðið er að efla tengsl skólans við atvinnulífið en það er einn af þáttum sem horft er sérstaklega til í framtíðarsýn skólans. Ákveðið var að horfa sérstaklega til þeirra miklu breytinga sem eru fyrirsjáanlegar í verslun og þjónustu með tilkomu stafrænu byltingarinnar. Niðurstaðan var að búin var til sérstök lína innan viðskiptabrautar sem horfir sérstaklega til stafrænnar þróunar og nýsköpunar í verslun og þjónustu. Sérkenni línunnar er vinnustaðanámi en með því fá nemendur innsýn og þjálfun í þeim nýju störfum sem skapast hafa og munu halda áfram að skapast innan verslunar og þjónustur í kjölfar þeirrar hröðu stafrænu þróunar sem á sér stað. Vinnustaðanámið fer fram inni í fyrirtækjum sem eru leiðandi á þessum markaði. 28 nemendur innrituðust inn á stafrænu viðskiptalínuna og hófu nám haustið 2019.



Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, heimsótti nemendur 1-D, sem er stafræn viðskiptalína, í september 2019.

Síðari námsleiðin er Fagnám verslunar og þjónustu en markmið þess er að efla starfandi fólk í verslun og þjónustustörfum. Námið er samstarfsverkefni, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, VR, Samtaka verslunar og þjónustu, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Mímis símenntunar auk þriggja fyrirtækja í verslun: Samkaupa, Lyfju og Húsasmiðjunnar.

Námið er 90 einingar og eru námslok á 2. þrepi. Námið er blanda af fjarnámi við Verzlunarskólann og vinnustaðanámi í fyrirtækjunum. Umsækjendum stendur til boða að fara í raunfærnimat þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á mótí kenndum áföngum. Þannig fá einstaklingar með starfsreynslu og hæfni slíkt metið til eininga og styttingar á námi sínu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun þróa raunfærnimatshluta verkefnisins fyrir bóklegar greinar og starfsnám en Mímir mun sjá um framkvæmd þess auk stuðnings við nemendur. Markmið námsins, er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun í samræmi við skipulag og áætlanir. Fyrstu nemendur námsins hefja nám í janúar 2020.

Skólaþróunarverkefni I – kennsluskipti

Vorið 2019 var auglýst eftir þátttakendum í skólaþróunarverkefni sem unnið er í samstarfi við Flensborgarskóla. Verkefnið felst í því að kennari frá Verzló fer og kennir eina önn í Flensborg og kennari þaðan kemur í hans stað og kennir eina önn í Verzló. Hugmynd þessi kom upp í spjalli eftir skólaheimsókn starfsmanna Verzló í vorferð í maí 2018 til Flensborgarskóla. Unnið var áfram með hugmyndina og varð hún að veruleika haustið 2019 þegar Hildur Einarsdóttir efnafræðikennari frá Flensborg hóf störf við skólann og Guðný Guðmundsdóttir efnafræðikennari frá Verzló flutti starfsstöð sína í Hafnarfjörðinn.

Verkefnið gekk mjög vel og voru skiptikennararnir mjög ánægðir með veru sína í nýju skóla. Annar kennarinn orðaði þetta vel og sagði að önn í öðrum skóla væri besta endurmenntun sem hugsast getur. Reglulegir fundir voru haldnir með kennurunum og stjórnendum skólanna beggja sem varð einnig til þess að samstarf og samvinna varð meiri á milli skólanna. Stefnt er að því að kennsluskiptin verði í boði árlega og þá á haustönn hvers árs.



Skólaþróunarverkefni II - skólaþróunarstyrkur

Vorið 2019 var ákveðið að bjóða upp á skólaþróunarstyrk til kennara skólans til að sinna verkefnum sem eru þess eðlis að efla starf skólans og þann sem styrkinn hlýtur. Styrkurinn jafngildir kennslu á einum hóp á einni önn. Tvö verkefni fengu skólaþróunarstyrk haustið 2019. Fyrri styrkinn hlaut Kristín Norland til þess að stunda nám í núvitund í skólastarfi en hluti af námi hennar fólst í að bjóða upp á núvitundarnámskeið fyrir starfsmenn og nemendur. Seinni styrkinn hlutu Berta Guðmundsdóttir og Alda Jóna Nóadóttir til að endurskoða bókfærslunámsefni skólans og komu því á rafrænt form.

Skólaþing

21.janúar 2019 var haldið skólaþing í Verzló. Yfirskrift þingsins var framúrskarandi kennsluhættir og skólabragur. Þátttakendur á þinginu voru valdnir með slembiúrtaki, tveir úr hverjum bekk auk kennara og annarra starfsmanna. Hrund Gunnsteinsdóttir var fengin til að stýra þinginu en unnið var 8 manna borðum. Niðurstöður skólaþingsins voru kynntar á starfsmannafundi og einnig sendar út til nemenda. Í kjölfarið á skólaþinginu voru kallaðir til nemendur í rýnihópa til þess að fara betur yfir niðurstöður þingsins, sérstaklega þá þætti sem fjölluðu um kennsluhætti.



Vinnudagar

Haldnir voru tveir vinnudagar kennara, annar í mars og hinn í september. Dagskrá vinnudaganna voru ákveðin í kjölfarið á niðurstöðum skólaþingsins en eins og áður kom fram voru efnistöð þingsins, framúrskarandi kennsluhættir og skólabragur. Vinnudagurinn í mars byrjaði á kynningu á niðurstöðum skólaþings og niðurstöðum rýnihópa nemenda í kjölfar



skólaþingsins. Að lokinni kynningu og umræðum buðu kennarar „í heimsókn“. Tilgangurinn með heimsóknum var að kynna þær fjölbreyttu kennsluaðferðir sem notaðar eru í mismunandi námsgreinum innan skólans. Dagurinn tókst einstaklega vel og þótti kennurum gaman að fá innsýn í kennsluaðferðir samstarfsfélaganna. Vinnudagurinn í september var tileinkaður



hópavinnu en á skólaþinginu og í rýniópaviðtölunum kom fram að nemendur eru oftast að vinna hópverkefni og því var kjörið tækifæri að fá fræðslu til kennara um hópastarf. Í heimsókn komu Guðrún Ragnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir frá Háskóla Íslands.

Norður-Atlantshafsbekkurinn (NGK)

Haustið 2019 hófu fyrstu nemendurnir nám í Norður-Atlantshafsbekknunum. Námið er þróunarverkefni á milli framhaldsskóla í Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Verkefnið felst í að myndaður er framhaldsskólabekkur sem stundar nám sitt í þessum fjórum löndum. Nemendur taka fyrsta árið í Gribskov Gymnasium í Danmörku, annað árið er í Færeyjum á haustönn og Íslandi á vorönn og þriðja og síðasta árið er í GUX Sisimiut í Grænlandi þar sem nemendur útskrifast. Námsframboð og kennsla er samkvæmt danskri námskrá og nemendur fá danskt stúdentspróf við útskrift. Þróunarverkefnið fékk stuðning danska menntamálaráðuneytisins til 5 ára, þ.e. til að innrita þrjá bekki og fylgja þeim í gegnum þriggja ára stúdentspróf.



Haustið 2019 hófu 8 íslenskir nemendur nám í skólanum, tveir þeirra hættu á fyrstu vikunum. Stunda því nú 6 íslenskir nemendur nám í bekknum.

Í október 2019 var haldinn vinnufundur í Danmörku þar sem komu saman kennarar frá öllum fjórum löndunum sem munu kenna bekknum á næstu árum. Vinnufundurinn var gagnlegur og gott tækifæri fyrir kennara Verzlunarskólans að kynna því sem verið er að gera í öðrum skólum.

Innritun

Aðsókn að Verzlunarskólanum hefur verið mjög góð í langan tíma. Á því varð ekki nein undantekning vorið 2019. Alls bárust 679 umsóknir, 519 sem val 1 og 160 sem val 2. Í ár voru 341 nemandi innritaður á fyrsta ár. Þetta er svipaður fjöldi og árið áður. Taflan hér að neðan sýnir fjölda umsókna grunnskólanema sem sett höfðu Verzlunarskólann sem val 1 og fjölda innritaðra frá einstökum grunnskólum landsins. Umsóknir bárust frá 66 grunnskólum alls staðar af landinu. Og innritaðir nemendur koma frá 60 skólum.



Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra	Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra
Garðaskóli	53	37	Langholtsskóli	5	5
Hagaskóli	35	21	Smáraskóli	5	4
Árbæjarskóli	23	11	Dalskóli	4	4
Grunnsk Seltj	22	14	Háal. - Álftam.	4	3
Réttarholtsskóli	22	14	Háteigsskóli	4	0
Varmárskóli	21	13	Heiðarskóli	4	1
Laugalækjarskóli	20	12	Setbergsskóli	4	3
Lindaskóli	19	13	Ölduselsskóli	4	2
Víðistaðaskóli	18	15	Akurskóli	3	3
Hörðuvallaskóli	17	13	Grundaskóli	3	2
Vatnsendaskóli	13	11	Grunnsk Þorl.	3	2
Erlendis frá	13	9	Norðlingaskóli	3	2
Hlíðaskóli	11	8	Breiðholtsskóli	2	2
Snælandsskóli	11	9	Framsýn menntun	2	1
Álftanesskóli	10	5	Gerðaskóli	2	1
Foldaskóli	9	8	Grunnsk Vestm.	2	2
Hraunvallaskóli	9	7	Hólabrekkuskóli	2	1
Kársnesskóli	9	5	Njarðvíkurskóli	2	1
Lágafellsskóli	9	5	Sjálundsskóli	2	1
Lækjarskóli	9	7	Tjarnarskóli	2	2
Salaskóli	9	5	Árskóli	1	1
Álfhólsskóli	8	4	Borgarhólsskóli	1	1
Vogaskóli	8	5	Brekkubæjarskóli	1	1
Áslandsskóli	7	4	Fellaskóli	1	0
Holtaskóli	7	1	Flúðaskóli	1	1
Ingunnarskóli	7	6	Grunnsk Hornaf	1	1
Kópavogsskóli	7	4	Grunnsk Snæfells	1	1
Seljaskóli	7	5	Hvaleyrarskóli	1	1
Sæmundarskóli	7	4	Klébergsskóli	1	0
Öldutúnsskóli	7	4	Myllubakkaskóli	1	0
Sunnulækjarskóli	6	3	Rimaskóli	1	1
Austurbæjarskóli	5	3	Vallaskóli	1	0
Kelduskóli - Vík	5	5	Vættaskóli - Engi	1	0

Fjarnám


Eins og undanfarin ár hefur skólinn boðið upp á fjarnám á þremur önnum, þ.e. vor, sumar og haust. Í töflunni hér að neðan eru tölulegar upplýsingar um fjarnemendur ársins 2019.

	vor	sumar	haust	samtdals
Fjöldi nemenda	450	431	343	1224
Fjöldi eininga pr. nemanda (gamlar)	4,4	4,7	4,7	4,6
Mæting í próf	77,4%	77,2%	64,7%	73,1%
Fjöldi ársnemenda	44,1	45,0	29,7	118,8

Fjarnámsnemendur eru mun fjölbreyttari hópur en dagskólanemendur. Það má í raun skipta fjarnámsnemendum í þrjú flokka:

- dagskólanemendur Verzlunarskólans sem taka áfanga í fjarnámi sem val, þurfa að endurtaka áfanga vegna falls, bæta við sig áföngum vegna brauta- eða bekkjaskipta, eða fyrirhugaðs framhaldsnáms,
- nemendur annarra skóla (grunn-, framhalds- og háskóla)
- og svo þeir sem eru ekki í öðrum skóla en taka einn og einn áfanga til að komast á ákveðnar brautir í háskóla og enn aðrir stefna á stúdents- og/eða verslunarpróf. Það má þó vel vera að stór hluti þessa hóps sé í skóla þó svo þeir gefi það ekki upp.

Fjarnemendur geta stundað námið hvar sem er í heiminum svo fremi sem þeir eru í netsambandi. Fjarnámspróf eru haldin í lok hverrar annar, það er í maí, ágúst og desember. Flest prófin eru tekin í húsnaði Verzlunarskóla Íslands, en um þriðjungur prófa er tekinn annars staðar.



Nemendapjónusta Verzlunarskólans

Í nemendapjónustunni starfa þrjú náms- og starfsráðgjafar í 2,5 stöðugildum og eru þeir hagsmunaaðilar nemenda og talsmenn þeirra innan skólans. Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngunum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara/sérkennara er mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar. Námsráðgjafar sátu vikulega fundi með samráðsteymi sem saman stendur af starfsmanna- og þróunarstjóra og yfirkennara.

Verzló er í samstarfi við LKMS (Litla Kvíðameðferðarstöðin) og hafa sálfræðingar á þeirra vegum komið inn í lífsleikni á fyrsta ári og rætt um frammistöðukvíða. Einnig hafa þeir verið með fræðslu fyrir kennara, foreldra og aðra nemendur skólans með góðum árangri. Skólinn hefur keypt af LKMS sálfræðitíma sem námsráðgjafar skólans geta boðið nemendum upp á þegar alvarleg tilfelli koma upp. Viðmiðið er að nemandi fái einn tíma frían frá skólanum.

Forvarnir tilheyra starfi nemendapjónustunnar og hefur megináherslan verið sú að draga úr áfengisneyslu nemenda á dansleikjum og öðrum skemmtunum á vegum skólans. Nemendur á 1. ári blása í áfengismæli á dansleikjum og eldri nemendum stendur það einnig til boða. Nemendur, sem blása, fara í svokallaðan edrúpott sem dregið er úr eftir hvern dansleik og fjölgar sífellt þeim sem kjósa að blása. Notkun rafretta hefur aukist mjög meðal nemenda. Við því var brugðist með því að banna þær alfarið á sama hátt og annað tóbak.

Áfram var unnið með hópefli og samstöðu í bekkjum og var Bjartur Guðmundsson hjá Optimized.is fenginn til að aðstoða á 2. ári í nokkum bekkjum með góðum árangri. Námsráðgjafar áttu líka í góðu samstarfi við umsjónarkennara sem voru duglegir að láta vita ef þeir fundu fyrir að bekkir voru ekki að blandast vel og var reynt að grípa inn í með allskonar hópeflisvinnu.

Grænfáninn

Verzlunarskólinn hlaut grænfánann í apríl 2019. Umhverfisnefnd nemenda og umhverfisnefnd starfsmanna unnu saman að gerð umhverfisstefnu.



Ársreikningur 2019

Rekstur skólans hefur verið frekar þungur undanfarin ár, eða allt frá árinu 2015 þegar fyrstu nemendur voru innritaðir í þriggja ára nám. Skólinn hefur verið með marga umfram ársnemendur sem ekki hafa fengist bættir. Vorið 2018 útskrifaði skólinn tvo árganga og fækkaði nemendum til muna tímabundið og var skólinn undir nemendatölu fjárlaga. Þetta skýrir því að stórum hluta batnandi rekstrarafkomu skólans fyrir árið 2019. Launakostnaður var þó um 80% af heildartekjum skólans og þess má einnig geta að launakostnaður var rúmlega 94% af framlagi ríkisins.

	2019	2018
Rekstrartekjur		
Framlag ríkissjóðs	1.480.088	1.418.236
Skólagjöld	202.278	215.833
Leigutekjur	4.191	4.067
Aðrar tekjur	39.757	34.714
	1.726.314	1.672.850
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.289.206	1.332.323
Húsaleiga	228.000	220.000
Rekstur húsnæðis	25.212	26.172
Viðhald og rekstur áhalda og búnaðar	23.340	19.616
Annar rekstrarkostnaður	60.018	49.495
Afskriftir	23.413	24.135
	1.649.188	1.671.742
Rekstrarafkoma	77.125	1.108

Alþjóðasamstarf 2019

Öflugt starf fer fram í alþjóðadeildinni sem miðar að því að gera nemendum kleift að taka þátt í samvinnuverkefnum með skólum víðs vegar í Evrópu í gegnum alþjóðlegar menntaáætlanir svo sem Erasmus+, Nordplus junior og eTwinning. Slík verkefni eru mikilvæg í því alþjóðasamfélagi sem við lifum í því þau auka menningarvitund nemenda, hjálpa þeim að skilja og virða ólík samfélög og eflir borgaravitund þeirra. Við þetta starf bætast síðan verkefni sem ekki njóta styrkja en það eru aðallega nemendaskiptaverkefni milli nemenda og kennara í spænsku og frönsku við skóla á málsvæðum tungumálanna ásamt nemendaskiptaverkefnum við Bandaríkin. Að lokum má nefna nýtilkomið alþjóðaverkefni sem tengist lokaverkefni nemenda á alþjóðabraut. Nemendur á þriðja ári fara til Brussel ásamt kennurum og heimsækja þar meðal annars höfuðstöðvar Evrópusambandsins og NATO. Þeir vinna síðan lokaverkefni sem tengist ferðinni. Verkefnið er bæði skriflegt og munnlegt.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur á alþjóðabraut hafi tækifæri til að taka þátt í skólaverkefnum en auk þess er það keppikefli skólans að sem flestir nemendur á öðrum

brautum sem þess óska geti tekið þátt í samskiptaverkefnum með skólum erlendis. Á undanförunum árum hafa möguleikar þessara nemenda sífellt verið að aukast. Á árinu 2019 var sem endranær tekið þátt í fjölmörgum verkefnum. Farnar voru ferðir eða tekið á mótum gestum í tengslum við þau bæði meðal nemenda og kennara. Ferðir og heimsóknir standa yfirleitt yfir í viku og í langflestum tilvikum gista nemendurnir á heimilum í gestgjafalandinu og hýsa gesti þegar fundir eru haldnir í Verzló. Ætla má að um 226 nemendur og um 21 starfsmaður Verzlunarskóla Íslands hafi tekið þátt í samstarfs- og nemendaskiptaverkefnum sem hér um ræðir (sjá Viðauka 1). Verkefnastjóri alþjóðadeildar er Bertha S. Sigurðardóttir.

Lokaorð

Skólastarfið á árinu 2019 gekk vel. Aðsókn að skólanum var góð eins og fyrri ár. Meðal starfsmanna ríkti góður og jákvæður andi. Félagslíf nemenda var öflugt og áberandi sem gerir orðspori skólans gott og eykur vinsældir hans enn frekar.

Viðauki I

Verkefni eftir mánuðum – hver fundur varir í viku.

Janúar

Fyrsti fundur ársins var í Verzlunarskólanum um miðjan janúar. Um er að ræða Erasmus+ verkefni sem ber heitið „Technology in Education and Every Day Life - TIE“. Tuttugu og fimm nemendur á alþjóðabraut á 3. ári taka þátt í verkefninu sem er unnið með Frakklandi, Þýskalandi, Slóveníu, Tyrklandi og Portúgal.

Í lok janúar fóru 5 nemendur á nýsköpunar- og listabraut til Ungverjalands ásamt tveimur kennurum. Verkefnið er tveggja ára Erasmus+ verkefni og auk Ungverjalands eru Króatía, Þýskaland og Búlgaría með. Það ber heitið „Strengths and Weaknesses in the Media – SWIM“.

Einnig fóru 8 nemendur á viðskiptabraut á fund til Stokkhólms ásamt tveimur kennurum. Fundurinn var liður í Nordplus junior verkefni sem ber heitið „Tilsammans“ og er unnið með tveimur skólum í Finnlandi og einum í Svíþjóð.

Febrúar

Fundur í tveggja ára Erasmus+ verkefninu „TIE“ var haldinn í Þýskalandi. Þangað fóru 6 nemendur ásamt tveimur kennurum. Um er að ræða samstarfsverkefni fimm landa. Það eru auk Íslands, Frakkland, Portúgal, Þýskaland, Slóvenía og Tyrkland.

Í febrúarlok komu tveir kennara frá menntaskóla í Þýskalandi til okkar og dvöldu hér í viku. Heimsóknin var liður í Erasmus+ „Jobshadowing“ fyrir framhaldsskólakennara. Þýsku kennararnir fylgdi íslensku kollegum sínum í kennslustundir og fylgdust með og aðstoðuðu við kennslu. Gestirnir voru mjög ánægðir með dvölinu.

Mars

Í upphafi mánaðar tók Verzló á móti 23 nemendum og tveimur kennurum frá Spáni. Fundurinn var liður í tveggja ára Erasmus+ verkefninu „SMART“ sem er eTwinning verkefni. 24 nemendur í Spænskuvali eru í verkefninu.

Ferð 25 nemenda á þriðja ári á alþjóðabraut ásamt kennurum til Brussel er liður í lokaverkefni nemendanna. Nemendur heimsækja helstu stofnanir Evrópubandalagsins. Einnig heimsækja þeir NATO og íslenska Sendiráðið.

Nemendaskipti við franskan menntaskóla áttu sér einnig stað í mánuðnum. Tveir kennarar ásamt 25 nemendum í frönskuvali dvöldu eina viku á Bretagneska. Nemendur greiddu ferðakostnað sjálfir.

Í þessum mánuði fóru einnig 23 nemendur í þýskuvali ásamt tveimur kennurum á fund til Þýskalands í tveggja ára Erasmus+ samstarfsverkefninu „Einheit in der Vielfalt Europas – EVE“. Verkefnið er eTwinning samstarfsverkefni með þýska skólanum.

Í lok mánaðarins tóku 19 nemendur af öllum brautum ásamt tveimur kennurum á móti jafnöldrum sínum frá Frakklandi.

Einnig, í lok mánaðarins, fóru svo 5 nemendur til Slóveníu ásamt tveimur kennurum. Fundurinn var liður í Erasmus+ samstarfsverkefni með Spáni, Danmörku, Slóveníu og Þýskalandi, sem ber heitið „Europeans on the Move“ og er 2ja ára verkefni.

Apríl

Fimm nemendur á alþjóðabraut og tveir kennarar fóru til Frakklands á fund í Erasmus+ samstarfsverkefninu TIE.

Í byrjun mánaðarins fóru einnig 24 nemendur til Spánar ásamt kennurum. Fundurinn var liður í Erasmus+ verkefninu „SMART“ sem er eTwinning verkefni.

Í Finnlandi fór fram fundur í Nordplus verkefninu „Tilsammans“. Tveir kennarar ásamt 8 nemendum á viðskipta og hagfræðibraut á öðru ári tóku þátt.

Ágúst

Við upphaf nýs skólaárs komu 23 þýskir nemendur ásamt kennurum í heimsókn í Verzló, í Erasmus+ verkefninu „EVE“.

September

Heimsókn tuttugu og þriggja danskra nemenda á líffræðisviði í Rysensteen menntaskólanum í Danmörku með tveimur kennurum. Verkefnið er Nordplus junior verkefni og viðfangsefnið „Det nordiske fællesskab i det internationale samfund“. Tuttugu og fimm nemendur á náttúrufræðibraut í Verzló eru í verkefninu ásamt tveimur kennurum.

Til Frakklands fóru 19 nemendur af öllum brautum ásamt kennurum og dvöldu þar í viku með frönskum jafnöldrum. Nemendur greiddu sjálfir ferðakostnað.

Íslensku nemendurnir 25 sem tekið höfðu á móti dönskum jafnöldrum, héldu til Danmerkur ásamt tveimur kennurum. Ferðin var liður í áðurnefndu Nordplus junior verkefni með Dönum.

Í lok mánaðarins fóru 6 nemendur á nýsköpunar- og listabraut ásamt tveimur kennurum til Króatíu í tveggja ára Erasmus+ verkefninu „SWIM“.

Október

Hin árlegu nemendaskipti við St George's Highschool í Bandaríkjunum fóru fram í mánuðinum þegar átta nemendur á náttúrufræðibraut og tveir kennarar dvöldu þar í viku. Nemendur greiddu sjálfir ferðakostnað.

Fundur var haldinn í Danmörku til að ræða skipulag varðand hinn nýja NGK menntaskólabekk. Fundinn sóttu fjórir starfsmenn skólans sem mynda stýristeymi verkefnisins ásamt þeim kennurum skólans sem koma til með að kenna bekknum þegar hann verður í Verzló á vorönn 2021.

Nóvember

Í upphafi mánaðar héldu fjórir nemendur á alþjóðabraut ásamt tveimur kennurum til Spánar til fundar með evrópska jafnaldra sína í tveggja ára Erasmus+ samstarfinu „Migration in Europe.“

Fimm nemendur á alþjóðabraut fóru einnig til Portúgals ásamt tveimur kennurum í Erasmus+ verkefninu „TIE“.

Verkefnisstjóri alþjóðasamstarfs fór ásamt kennara til Tyrklands á „kick-off“ fund í nýju tveggja ára Erasmus+ verkefni sem ber yfirskriftina „Recharge the World“. Í verkefninu eru nemendur á alþjóðabraut.

Desember

Í upphafi mánaðar fóru sex nemendur á nýsköpunar og listabraut á fund til Þýskalands með tveimur kennurum á Erasmus+ fund í „SWIM“ verkefninu sem unnið er með Ungverjalandi, Búlgaríu, Króatíu og Þýskalandi.

Verkefni eftir mánuðum – hver fundur varir í viku.

Í þessum mánuði fóru einnig 15 nemendur af viðskiptabraut ásamt tveimur kennurum á fund til Svíþjóðar í Nordplus junior samstarfsverkefni með Noregi og Svíþjóð.

Tveir kennarar frá menntaksóla í Berlín dvöldu í Verzló í viku og fylgdust með og tóku þátt í kennslu. Kennararnir tveir voru hér á „Jobshadowing“ Erasmus+ styrk.